

## Lýsing

Pro-Keto er orkuríkur og einkar lystugur vökvi sem minnkar líkur á að kýr fái súrdoða. Einnig eru í Pro-Keto, vítamín og steinefni sem hjálpa kúnum að ná hámarks nyt, auka frjósemi, styrkja orkuefnaskipti, klaufir og fitumeltingu.

## Eiginleikar

Kýr ná yfirleitt hámarks nyt um 4-8 vikur eftir burð. Þurrefnisinntaka þeirra eykst ekki í hlutfalli við mjólkurframleiðsluna, þar sem hámarks áti er náð um 6-8 vikum eftir burð. Þessi mismunur leiðir til þess að orkubúskapur kýrinnar er neikvæður í allt að 3 mánuði eftir burð.

Pro-Keto er góð lausn til að hjálpa kúnni að rétta af þennan neikvæða orkubúskap þar sem hann inniheldur ríkulegt magn glýkóls og glýseróls. Pro-Keto er einkar lystug vara sem einnig inniheldur vítamín og steinefni sem eru mikilvæg til að örva virkni lifrarinnar og auka hæfni meltingarvegarins til að bæta meltingu fituefna.

Sjá nánari umfjöllun og fróðleik á [www.lifland.is](http://www.lifland.is)

## Notkun

Pro-Keto er gefið annað hvort með fóðri í kjarnfóðurbás eða mjaltþjóni, en einnig má hella því yfir heyið eða kjarnfóðrið.

Ráðlagður dagsskammtur fyrir og eftir burð: 150-200 ml/dag.

Súrdoði: Ef kýrin sýnir einkenni súrdoða ber að gefa 200 ml skammt tvisvar á dag til að hjálpa henni að vinna bug á ástandinu.



**200 kg** Vnr. 89220    **20 L** Vnr. 89223    **5 L** Vnr. 89227    **1000 kg** Sérpöntun

**Geymsla:**  
Geymist á köldum, dimmum og þurrum stað í lokuðum umbúðum í 24 mánuði

### Virgni Pro-Keto:

- Getur aukið orkuefnaskipti
- Getur hækkað nyt
- Styrkir ónæmiskerfið
- Getur aukið frjósemi
- Minnkar líkur á súrdoða eftir burð

### Innihald

Própýlenglýkól, glýserín.

### Greiningaþættir

Raki	32,5%
Hráprótein	0,6%
Hrátréffjar	0%
Hráaska	0,3%
Óunnar olíur og fitur	15,7%
Natríum	0%

### Aukefni

E-vítamín (3a700)	2.500 mg/kg
alhandhverfujafnt-alfa-tókoferýlasetat	
Nikótínamið (3a315)	7.425 mg/kg
Kólinklórið (3a890)	10.000 mg/kg
B12-vítamín	100 mcg/kg
sjánóköbalamín	
Sink (3b605)	1.000 mg/kg
Sinksúlfat, einvatnað	